



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
8. fundur 2010 (17. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.10.2010 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Skipan fulltrúa Sandgerðisbæjar í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

Lögð voru fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 20.08.2010, þar sem tilkynnt var að Birgir Haraldsson hafi verið skipaður fulltrúi Sandgerðisbæjar samkvæmt tilnefningu bæjarins í stað Sigurðar Vals Ásbjarnarsonar.

2. Túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerð um hávaða nr. 724/2008

Ekki hefur tekist enn að fá frekari skýringar á túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerð um hávaða nr. 724/2008 þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá veru.

3. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar – staða mála

Athugasemdum við auglýsingu aðalskipulags Sandgerðisbæjar hefur verið svarað og hefur skipulagstillögunni ásamt athugasemdum og greinargerð verið vísað til Skiplagsstofnunar til afgreiðslu.

4. Skipurit um stjórn flugmála og staða skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Rætt var um skipurit um stjórn flugmála og stöðu skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar í því.

5. Verklagsreglur um samskipti Isavia og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, svar Isavia

Lagt var fram svar Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, dags. 29.09.2010, við erindi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um samskipti nefndarinnar og félagsins.

Ákveðið var að formaður nefndarinnar ásamt öðrum nefndarmanni og skipulagsfulltrúa ræði málið nánar við formann stjórnar Isavia, Þórólf Árnason.

6. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Lögð var fram tillaga að skipulagsreglum Keflavíkurflugvallar sem samgönguráðuneytið fól Isavia að láta gera. Skipulagsreglurnar sýna hindranafleti



umhverfis flugvöllinn. Samgönguráðuneytið mun auglýsa skipulagsreglurnar á næstunni í samræmi við loftferðalög.

Skipulagsnefndin telur að til álita komi að einnig verði sýndir hindranafletir fyrir NA/SV flugbrautina sem ekki er í notkun um þessar mundir sem og nýjar flugbrautir sem sýndar eru á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Með því væri gætt framtíðarhagsmuna flugvallarins.

Guðlaugur H. Sigurjónsson taldi eðlilegt að skipulagsreglurnar yrðu kynntar fyrir aðliggjandi sveitarfélögum á formlegan hátt.

7. Ný skipulagsreglugerð

Lagt var fram erindi Stefáns Thors, skipulagstjóra ríkisins, dags. 10.09.2010, þar sem kynnt er að Skipulagsstofnun hafi verið falið að hefja vinnu að gerð tillögu að nýrri skipulagsreglugerð með hliðsjón af nýjum skipulagslögum sem taka gildi 01.01.2011. Í erindinu er óskað eftir ábendingum um form og innihald reglugerðarinnar og tillögum að breytingum einstakra greina.

Ekki var talið tilefni til ábendinga í þessu sambandi.

8. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi greindi frá að Ráðgjafahópur Keflavíkurflugvallar um skipulagsmál hefði bókað á fundi sínum að brýnt væri að hefja endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar og hefur sú ályktun farið til stjórnar Isavia.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar tekur eindregið undir þá ályktun.

9. Breyting á aðal- og deiliskipulagi við Berghóla í Sveitarfélaginu Garði

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Garðs, dags. 11.10.2010, þar sem kynntar eru tillögur að breytingu á aðal- og deiliskipulagi við Berghóla vegna flæðigryfju í Selvík.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

Páll Svavar Pálsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

10. Erindi umhverfisráðuneytisins um niðurfellingu svæðisskipulags

Lagt var fram erindi umhverfisráðuneytisins, dags. 06.10.2010, þar sem greint var frá auglýsingu um niðurfellingu svæðisskipulags fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995 – 2015.

11. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar greindi frá yfirstandandi vinnu við svæðisskipulag Suðurnesja. Fram hefur farið kynning á vegum Orkustofnunar og Ísor á orkuvinnslu á Reykjanesi og fjallað hefur verið um atvinnuuppbyggingu á skaganum og hugsanlega uppbyggingu einstakra svæða og verkaskiptingu í því sambandi.

12. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður í síðari hluta nóvember.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Fleira ekki gert, fundi slitið.